

Umsögn um breytingar á AR 2010-2040

UMSÖGN ÍBÚARÁÐS LAUGARDALS

SÆBRAUT Í STOKK

Íbúaráðið fagnar hugmyndum um að setja Sæbraut í stökk við Knarrarvog, slíkt myndi tengja nýja Vogabyggð betur við hverfið. Íbúaráðið veltir því samhliða upp hvort að Sæbrautin gæti átt heima í stökk víðar, til dæmis til móts við Laugarnes og tengja þannig hverfið við náttúrulegu strandlengjuna.

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM SPILASALI

Gert er ráð fyrir því að leyfa spilasali í Skeifunni og á Grensásvegi. Íbúaráðið leggst gegn því.

LAUGARDALUR

Íbúaráð Laugardals leggur áherslu á að aðrir kostir verði skoðaðir vandlega áður en ákveðið verði að ráðast í byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Fari svo að leikvanginum verði ákveðinn staður í Laugardal er mikilvægt að huga að samgöngum í tengslum við uppbyggingu leikvangsins og fara ekki í uppbyggingu bílastæða samhliða heldur gera ráð fyrir því að efla aðra samgöngumáta. Til þess að veða upp á móti því græna svæði sem færi undir leikvanginn hvetur íbúaráðið til þess að önnur malbikuð svæði í dalnum yrðu endurheimt. Einnig að öll önnur uppbygging í dalnum yrði á röskuðum svæðum eða bílastæðum.

Efasemdir eru innan ráðsins um uppbyggingu á grænu svæði norðan Suðurlandsbrautar. Íbúasamtök Laugardals hafa lagt áherslu á varðveita dalinn sem útivistarsvæði og hafa talað fyrir því að þessir reitir verði skipulagðir sem slíkir. Verði byggt norðan Suðurlandsbrautar telur Íbúaráð Laugardals mikilvægt að byggingar fari ekki upp fyrir 5 hæðir. Mikil landhalli er á svæðinu

og mun hárreist byggð uppi við Suðurlandsbraut varpa miklum skugga inn í dalinn.

Einnig ætti að tryggja að öll aðkoma akandi umferðar að nýrri uppbyggingu norðan Suðurlandsbrautar, sé frá Suðurlandsbraut og að ekki sé gert ráð fyrir almennri umferð né þjónustuumferð norðan við byggingar þar sem uppbyggingin mætir dalnum. Samhliða uppbyggingu við Suðurlandsbraut mætti fella niður almennan akstur um Engjaveg og tengja dalinn betur sem samfellda heild upp að Suðurlandsbraut.

FJÖLGUN ÍBÚÐA

Gert er ráð fyrir að í hverfinu geti byggst upp 4400 íbúðir á næstu 20 árum. Það er aukning upp á 58%.

- Hátún+
- Suðurlandsbraut-Engjavegur (Glæsibær)
- Álfheimar 49
- Sæbraut-stokkur (nr. 50)
- Hólmasund-Þróttaraheimili
- Múlar-Suðurlandsbraut M2c-e). "Gert ráð fyrir að íbúðum geti fjölgað verulega og verði allt 1.000 í stað 300 íbúða áður. Aukning atvinnuhúsnæðis minnkar að sama skapi." Íbúaráðið leggur áherslu á að farið verði í mikla uppbyggingu innviða samhliða fjölgun íbúða. Það þarf að kortleggja þarfir fyrir stækkanir/ og eða fjölgun leik og grunnskóla í hverfinu og stórbæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Einnig væri það hverfinu til framdráttar ef samhliða uppbyggingu í Múlum- Suðurlandsbraut og Skeifu væri farið í að endurgera götur og bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi. Mikil og góð þjónusta hefur byggst upp á þessum svæðum á seinustu árum og

með aukinni uppbyggingu og endurhönnun gatna gæti þarna blómstrað þjónusta og mannlíf.

ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Á ATVINNUSVÆÐUM

“Íbúðarhúsnæði (s.s. íbúðarherbergi með sameiginlegu eldhúsi og stofu) sem einkum er ætlað til tímabundinnar dvalar vinnuafis, er heimilt á miðsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum, athafnasvæðum, hafnarsvæðum og landbúnaðarsvæðum og eftir atvikum og þá samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi á öðrum landnotkunarsvæðum.”

Mikilvægt er að falla ekki frá almennum kröfum um gæði byggðar, samfélagslega blöndun og góða innviði þótt um sé að ræða tímabundið húsnæði. Einnig þarf að setja skýr mörk á fjölda slíkra íbúðaeininga á sama stað og meta álag á þjónustu í nærliggjandi hverfum.

M6. BORGARTÚN (M6A), KIRKJUSANDUR (M6B)

“Einkum gert ráð fyrir skrifstofum á sviði fjármála, ráðgjafar og stjórnsýslu. Stofnanir og þjónusta tengd þessari starfsemi s.s. hótél, veitingastarfsemi og sérhæfð þjónusta er heimil. Íbúðir eru heimilar á þessum svæðum, einkum á efri hæðum bygginga. Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðunum nema það sé sérstaklega tekið fram í deiliskipulagi að það sé heimilt.”

Íbúaráðið óskar eftir skýringum eða rökstuðningi fyrir því að ekki séu leyfðar matvöruverslanir.